

Nr. 18-052 S 032 Engey RE 1***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2889
IMO: 9756315
Smíðaður: Tyrkland 2017, stál
Útgerð: HB Grandi hf.
Stærð: 1827,40 bt
Mesta lengd: 55,15 m *Skráð lengd:* 51,75 m
Breidd: 13,50 m *Dýpt:* 8,20 m
Vél: MAN, 1795 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 16



Engey©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 30. mars 2018 var Engey RE 1 á siglingu á SV miðum. Veður: SA 1 m/s.

Matsveinninn var að taka stein úr avokadó ávexti með hníf þegar hann rann hann til með þeim afleiðingum að hann fór í gegnum baugfingur vinstri handar. Óskað var eftir aðstoð og björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein sótti slasaða og fór með hann til Sandgerðis.



Mynd tekinn eftir slysið

Við rannsókn kom fram:

- að við verkið var notaður netahnífur sem annars var ekki venjulega notaður í eldhúsinu (*sjá mynd*);
- að hnífurinn skar í sundur bláæð og taugar í fingrinum;
- að aðgerð var gerð á fingrinum og höndin var í gífsi í átta vikur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.